

51. fundur bæjarráðs

51. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 1. október 2015 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt: Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, varaformaður, Kjartan Björnsson, varamaður, D-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi, B-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista, Eyrún Björg Magnúsdóttir, áheyrnarfulltrúi, varamaður, Æ-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

Varaformaður leitaði afbrigða að taka á dagskrá drög að samningi við Laugar ehf um aðgengi að Sundhöll Selfoss. Var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1509154 – Trúnaðarmál
	Fært í trúnaðarbók.
2.	<u>1509151 – Beiðni Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka um aukið framlag til rekstrar á árinu 2016</u>
	Bæjarráð samþykkir aukið framlag til rekstrar safnsins sem nemur 200.000 kr. á árinu 2016.
3.	<u>1509121 – Umsókn Jóns Jónssonar um leyfi Sveitarfélagsins Árborgar til uppsetningar skiltis við Stokkseyrarfjöru</u>
	Bæjarráð vísar erindinu til framkvæmda- og veitustjórnar sem er með vinnu í gangi við gerð skilta til leiðbeiningar fyrir ferðamenn.
4.	<u>1509114 – Beiðni Axels Inga Viðarssonar um leyfi Sveitarfélagsins Árborgar sem landeiganda fyrir að láta söluvagn standa við íþróttavallarsvæðið við Engjaveg</u>

	Samþykkt með fyrirvara um að formlegt samþykki UMFS verði lagt fram.
5.	<u>1509125 – Styrkbeiðni HSK, dags. 21. september 2015, vegna gerðar heimildamyndar um Landsmót UMFÍ á sambandssvæði HSK</u>
	Helgi S. Haraldsson, B-lista, vék af fundi. Bæjarráð samþykkir beiðnina. Helgi kom inn á fundinn að afgreiðslu lokinni.
6.	<u>1509115 – Svar við fyrirspurn Örnú Írar Gunnarsdóttir, S-lista, um kostnað við að skipta um gúmmí á sparkvöllum</u>

Lagt var fram svar við fyrirspurn Örne Írar Gunnarsdóttur, S-lista, fyrirspurnin var svohljóðandi: Í Sveitarfélaginu Árborg eru 5 sparkvellir/knattspyrnuvellar þar sem notað er endurunnið dekkjagúmmí. Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um heilsuspillandi áhrif þess að slíkt gúmmí sé notað á slíkum völlum. Vegna þessa óska ég eftir að það verði skoðað hvað það felur í sér mikla kostnaðaraukningu að skipta út því endurrunna dekkjagúmmí, sem notað er í dag í sveitarfélaginu, í umhverfisvænt gúmmí? Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista Svareð er eftirfarandi: Markmið: Skoða kostnað við að skipta út svokölluðu ?dekkjakurli? í gervigrasvöllum fyrir gúmmí sem er ekki endurunnið úr dekkjum. Undirritaður hefur farið yfir kostnað við að skipta út svörtu gúmmí úr gervigrasvöllum í Sveitarfélaginu Árborg og setja nýtt endurunnið gúmmí sem ekki er unnið úr dekkjum. Í Sveitarfélaginu Árborg er einn stór keppnisvöllur með gervigrasi og 4 sparkvellir. Kostnaður við að skipta út gúmmi fyrir hvern völlum – Gervigrasvöllur á Selfossvelli: 23 milljónir – Þrjár KSÍ sparkvellir (Eyrarbakki, Stokkseyri og Sunnulækur): 2,5 milljónir hver völlum – Sparkvöllur við Vallaskóla: 3 milljónir Samtals væru þetta um 33,5 milljónir að skipta út gúmmí en nota áfram það gervigras sem er á völlum. Svo má horfa til þess að allir þessir vellar eru að detta á tíma hvað varðar endingu gervigrassins. Vallaskólavöllurinn er t.d. kominn að endurnýjun og hina þarf að skoða á næstu árum. Það gæti því verið skynsamlegt að setja upp áætlun um endurnýjun og skoða þá nýjar lausnir í gervigrasi en þróunin hefur verið mikil frá því síðast var sett gervigras hér. Kostnaður við að skipta um gervigras í sparkvelli og nota nýtt kerfi er ca. 4,5 milljónir hver sparkvöllur. – Það samanstendur af 20mm foam lagi, 25mm gervigrasi sem er með silicasand fyllingu. Þessi fylling á vísit að halda sér betur í vellinum og því minnka líka þríf í skólum og heima fyrir þegar dekkjakurlið hrynur af sokkum og úr skóm. Kostnaður við að skipta um gervigras í löglegum keppnisvelli og nota grátt gúmmí sem er í lagi er ca. 50 milljónir miðað við þá velli sem hafa verið lagðir núna. Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Bæjarráðs óskar eftir upplýsingum um kostnað við að setja nýja gerð af gúmmí á velli þegar þeim er viðhaldið í stað dekkjagúmmís.

7.	<u>1509192 – Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. september 2015, um umsögn – tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálandinu</u>
	Lagt fram til kynningar. Bæjarráð áréttar mikilvægi þess að haft verði samráð við sveitarfélög sem eiga upprekstrarrétt á svæðinu og aðra hagsmuni.
8.	<u>1509183 – Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. september 2015, um umsögn – frumvarp til laga um náttúruvernd, varúðarreglu, almannarétt, sérstaka vernd, framandi tegundir o.fl.</u>
	Lagt fram til kynningar. Bæjarráð felur framkvæmdastjóra að skila inn umsögn.
9.	<u>1509182 – Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. september 2015, um umsögn – frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum</u>
	Lagt fram til kynningar.
10.	1509152 – Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. september 2015, um umsögn – tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026 <u>FYRRI HLUTI – SEINNI HLUTI</u>
	Lagt fram til kynningar.
11.	<u>1509135 – Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 22. september 2015, um umsögn – frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraðra</u>
	Lagt fram til kynningar.
12.	1510002 – Drög að samkomulagi við Laugar ehf um aðgengi að Sundhöll Selfoss
	Bæjarráð samþykkir samningsdrögin og felur framkvæmdastjóra að leggja lokahönd á samninginn og undirrita hann.
	Erindi til kynningar
13.	<u>1509175 – Tilkygning um ársþing SASS sem haldið verður dagana 29. og 30. október 2015</u>
	Lagt fram til kynningar.

14 .	<u>1509122 – Kynning á ráðstefnu á vegum Félags íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa – stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018 „Fritíminn er okkar fag“</u>
	Lagt fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:15.

Sandra Dís Hafþórsdóttir		Kjartan Björnsson
Helgi Sigurður Haraldsson		Arna Ír Gunnarsdóttir
Eyrún Björg Magnúsdóttir		Ásta Stefánsdóttir